



Fundargerð

518. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 15. apríl 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 9:30.

Fundargerðir:

1. 2504011 - Byggingarnefnd Skaftárhrepps
Lögð fram til kynningar, fundargerð 4. fundar Byggingarnefndar Skaftárhrepps frá 27. mars 2025.
2. 2504016 - Opnun tilboða í vöruskemmu
Lögð fram, fundargerð fundar sem haldinn var vegna opunar tilboða í vöruskemmu frá 9. apríl 2025. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Afl Smíði og Múr ehf., sem átti hæðsta tilboð í vöruskemmuna.
3. 2504013 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV)
Lögð fram til kynningar, fundargerð 89. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) frá 24. mars 2025.
4. 2504008 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Lögð fram til kynningar, fundargerð 80. stjórnarfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 12. mars 2025.
5. 2504012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Lögð fram til kynningar, fundargerð 620. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá 19. mars 2025. Sveitarstjórn býður Ingunni Jónsdóttur velkomna til starfa sem framkvæmdastjóra SASS.
6. 2504017 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram til kynningar, fundargerð 243. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18. mars 2025 ásamt ársreikningi ársins 2024.

BHS

Shi Ak
BS
1637



Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. 2504019 - Starfsmannamál

Lagt fram bréf dagsett, 25. febrúar 2025, frá Björk Ingimundardóttur, þar sem hún segir upp starfi sínu sem forstöðumaður Héraðsbóka-safnsins á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn þakkar Björk fyrir vel unnin störf í þágu bókasafnsins. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að athuga með samrekstur á Héraðsbókasafni og grunnskóla sveitarfélagsins.

8. 2502026 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrarfyrirkomulagi Félagsheimilisins Kirkjuhvols, miðað við það sem fram kom á fundinum.

9. 2403001 - Staða viðræðna vegna lands Kirkjubæjar II

Oddviti lagði til að fundi sveitarstjórnar yrði lokað undir þessum lið, skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var tillagan samþykkt í einu hljóði.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Lagt var fram minnisblað frá Jóni Jónssyni, lögmanni og drög af bréfi til landeiganda Kirkjubæjar II. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að bréfið verði sent til landeiganda. Tilboð sveitarfélagsins um kaup á landspildum úr landi Kirkjubæjar II, er með því ítrekað, sbr. bókun sveitarstjórnar á fundi 13. nóvember 2024 og bréfi, dags. 26. nóvember 2024.

Jafnframt að sveitarstjórn stefni að nýtingu eignarnámsheimilda muni landeigendur hafna frekari viðræðum um tilboðið.

Jóni Jónssyni, lögmanni sveitarfélagsins falið að vinna málið áfram í samráði við sveitarstjóra.

10. 2504007 - Upplifun á Kirkjubæjarklaustri

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lögð fram drög að tillögum af framtíðar fyrirkomulagi vegna upplifunar á Kirkjubæjarklaustri og næsta nágrenni. Verkefni þetta er unnið í samstarfi við Gagarín, Landslag, Vatnajökulsþjóðgarð og Lilju Magnúsdóttur, rithöfund. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sveitarstjóri hafi opið hús til að kynna þessar hugmyndir fyrir íbúum sveitarfélagsins og enn fremur verði óskað eftir athugasemdum og ábendingum frá íbúum.

BHS

JG. AL
SHI. PS

1638



11. 2504014 - Ungmennafélagið ÁS

Lagt fram bréf, dagsett, 24. mars 2025 frá Ungmennafélaginu ÁS þar sem félagið óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um endurnýjun á núverandi samstarfssamningi.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði áframhaldandi samstarf við Ungmennafélagið ÁS og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður fundarins.

12. 2504015 - Ungmennafélagið ÁS

Lagt fram til kynningar bréf, dagsett, 24. mars 2025 frá Ungmennafélaginu ÁS vegna uppbyggingar á körfuboltavelli.

13. 2503024 - Viljayfirlýsing vegna fjármögnunar á göngum í gegnum Reynisfjall

Lögð fram að nýju drög að viljayfirlýsingu, sem er gerð á milli Summu rekstrarfélags hf., f.h. innviðasjóða í rekstri félagsins og sveitarfélaganna Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Hornafjarðar. Sveitarstjórn staðfestir fyrirliggjandi drög en leggur til að bætt verði inn í drögin skýrari áherslu á mikilvægi hverskyns samgöngubóta í vegakerfinu þar sem þjóðvegur 1 er okkar eina samgöngutenging hér á suðaustanverðu landinu og í raun algjör forsenda allrar atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu, auk annarrar uppbyggingar atvinnulífs og búsetu í landshlutanum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

14. 2504005 - Lögreglan

Lagt fram bréf, dagsett, 1. apríl 2025 frá framkvæmdateymi Öruggara Suðurlands þar sem óskað er eftir því að sveitarfélög á Suðurlandi, sendi framkvæmdateymi Öruggara Suðurlandi upplýsingar um staðsetningu og virkni þeirra öryggismyndavéla sem nú þegar eru á þeirra vegum, ef einhverjar eru. Jafnframt er þess óskað að fram fari greining eða mat á því hvort þörf sé fyrir frekara myndavélaeftirlit í sveitarfélaginu og að gerð verði grein fyrir því mati.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fela sveitarstjóra að svara fyrirspurninni.

15. 2504006 - Upplýsing

Lagt fram bréf, dagsett, 3. apríl 2025 frá Upplýsingu, félags bókasafns- og upplýsingafræða, ósk um styrk vegna Landsfunds Upplýsingar á Selfossi 16 til 17. október 2025. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að styrkja verkefnið um 20.000 krónur og er styrkurinn tekinn af lið 0529/4923.

BHS

AG
Shi AG
BS

1639



16. 2504004 - Háskólafélag Suðurlands
Lagt fram bréf, dagsett 4. apríl 2025 frá Háskólafélagi Suðurlands ehf. vegna boðs á aðalfund félagsins 30. apríl 2025. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, sæki fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
17. 2504009 - Vísinda og rannsóknarsjóður Suðurlands
Lagt fram bréf frá því í apríl 2025 frá Vísinda og rannsóknarsjóði Suðurlands þar sem óskað er eftir áframhaldandi styrk frá sveitarfélaginu. Skaftárhreppur, hefur styrkt Vísinda og rannsóknarsjóði Suðurlands um 30.000 krónur ár hvert. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að styrkja sjóðinn um 35.000 krónur vegna ársins 2025.
18. 2504010 - Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
Lagt fram til kynningar bréf dagsett 2. apríl 2025 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands vegna Styrktarsjóðs EBÍ 2025.
19. 2501017 - Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar
Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim hugmyndum um fjölgun dvalarrýma og áframhaldandi uppbyggingar við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla sem hjúkrunarforstjóri hefur verið að vinna að. Hugmyndir þessar eru meðal annars framkomnar vegna breytinga fjármögnunar frá ríkinu. Sveitarstjórn vísar frekari vinnu við stækkun á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólum til stjórnar Klausturhóla.
20. 2504018 - Erindi frá oddvita
Ég Jóhannes Gissurarson oddviti sveitarstjórnar Skaftárhrepps legg fram eftirfarandi erindi, hvað varðar þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.
Á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 26. mars síðast liðinn, samþykkti meirihluti sveitarstjórnar tillögu að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum sveitarstjórnar, jafnframt því sem skipulagsfulltrúa var falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu. Með tillögunni er sveitarfélagið að marka sér sýn til næstu framtíðar.
Tillaga sveitarstjórnar hefur sætt talsverðri gagnrýni, jafnt opinberlega sem og í bókun fulltrúa minnihluta sveitarstjórnar við lokaafgreiðslu tillögunnar á síðasta fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Lítur gagnrýnin einkum að þeirri ákvörðun sveitarstjórnar að afmarka þéttbýlisuppdráttinn við Kirkjubæjarklaustursjarðirnar og fella þar með út allt land sunnan Skaftár sem áður tilheyrði þéttbýlinu, samkvæmt Aðalskipulagi sveitarfélagsins.
Þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri á sér langa sögu og tók að myndast löngu áður en stjórnsýslueiningin Skaftárhreppur varð til árið 1990. Þá var jörðin að mestu í óskiptri sameign. Fyrir góðvilja þáverandi handhafa landsins

BHS
Shi: AG
PS 1640



Þróaðist byggðin án vandkvæða allt þar til að sýslumannsýfirvöld, gerðu kröfu um samþykki allra meðeigenda jarðarinnar, hvað varðaði frekari lóðaúthlutanir innan þéttbýlisins.

Að frumkvæði þáverandi oddvita sveitarstjórnar, Guðmundar Inga Ingasonar, eignaðist Skaftárhreppur á árunum 2013-2014 7,5% hlut í jörðinni og í framhaldi þess hófust viðræður landeigenda um uppskiptingu jarðarinnar. Þær viðræður skiluðu sér í landsskiptasamningi sem undirritaður var af öllum hlutaðeigandi aðilum í lok kjörtímabilsins 2022.

Fyrir liggur að sveitarfélagið hefur ekki farið vel út úr þessum landsskiptum hvað byggingarland né land undir stofnanir sínar snertir og má með góðum rökum segja að aðgengi sveitarfélagsins að byggingarlandi er í litlu betra nú en fyrir landsskiptin.

Ljóst er að öllu þessu stímabradi hefur fylgt mikil umsýsla með gögn og umtalsverður kostnaður sem eins og gefur að skilja opinber stjórnsýslueining eins og Skaftárhreppur er þarf að hafa upplýst og aðgengilegt fyrir stjórnendur sveitarfélagsins til framtíðar litið.

Því óska ég eftir að sveitarstjóri taki saman og leggi fram skrifleg svör við eftirfarandi spurningum á næsta fundi sveitarstjórnar:

1. Hver er áfallinn kostnaður Skaftárhrepps vegna landsskipta Kirkjubæjarklaustursjarðarinnar?
 - a. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði:
 - i. Kortagerð og landmælingar
 - ii. Lögfræðikostnaði
 - iii. Annar kostnaður
 - b. Óskað er eftir upplýsingum um samninga við landeigendur eða aðra aðila vegna verkefnisins.
 - c. Óskað er eftir sundurliðun á endurgreiðslum/tekjum ef einhverjar eru.
 - d. Óskað er eftir að lagt verði fram kort af því landi sem Skaftárhreppur fékk út úr landskiptum.

BHS
JG-
Sni- Ab
BS 1641




Að sama skapi sætir og nokkurri gagnrýni sú ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps að fella út af þéttbýlisuppdrætti allt land sunnan Skaftár, í landi Hæðargarðs.


Því óskar undirritaður einnig eftir því að sveitarstjóri taki saman gögn og leggi fram skrifleg svör við eftirfarandi spurningum á næsta sveitarstjórnarfundum.

1. Hver er áfallinn kostnaður Skaftárhrepps vegna þess skipulags sem fyrirhugað var á landi Hæðargarðs, aðal- og deiliskipulagsbreytingar?
 - a. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði:
 - i. Kortagerð og landmælingar.
 - ii. Annar kostnaður
 - b. Óskað er eftir upplýsingum um samninga við landeigendur eða aðra aðila vegna verkefnisins sem liggja í skjalasafni sveitarfélagsins.
 - c. Óskað er eftir sundurliðun á endurgreiðslum/tekjum ef einhverjar eru

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 13:10.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Bergur Sigfússon


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson